

Ár 2007, þriðjudaginn 13. mars, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jónasi Þór Guðmundssyni, Kristni Bjarnasyni, Kristni Hallgrímssyni og Rannveigu Sigurðardóttur.

Fyrir var tekið:

Að taka ákvörðun um hvort greiða skuli í Fjölskyldu- og styrktarsjóð fyrir ríkissáttasemjara

I.

Með úrskurði nr. 2006.003, dagsettum 19. desember 2006 með leiðréttingu gerðri 13.03.2007, ákvað kjararáð að launagreiðandi skyldi greiða sérstakt framlag, sem svarar 0,55% af heildarlaunum þeirra sem kjararáð ákveður laun, í Fjölskyldu- og styrktarsjóð, sem lýtur stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Bandalags háskólamanna og Kennarasambands Íslands. Ríkissáttasemjari sendi kjararáði bréf dagsett 28. desember 2006 þar sem hann sagði meðal annars að hann teldi það ekki samræmast stöðu sinni að eiga rétt undir ákvörðunum samningsaðila sem til hans leita. Kjararáð fellst á sjónarmið ríkissáttasemjara og hefur því tekið ákvörðun sem fram kemur í ákvörðunarorði.

II.

Ákvörðunarorð

Ákvörðun kjararáðs um að launagreiðandi skuli greiða sérstakt framlag í Fjölskyldu- og styrktarsjóð, sem svarar til 0,55% af heildarlaunum þeirra sem kjararáð ákveður laun tekur ekki til ríkissáttasemjara.

Guðrún Zoëga

Jónas Þór Guðmundsson

Kristinn Bjarnason

Kristinn Hallgrímsson

Rannveig Sigurðardóttir